

Ed. 240. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist:

Heimilt er þó að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir, sem um ræðir í 17. gr. c-lið.

2. gr.

17. gr. orðist svo:

Landsútsvör greiða:

- a) Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna.
- b) Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins.
- c) Síldarverksmiðjur ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
- d) Olíufélög, sem flytja inn olíur, olíuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu þeirra innanlands.

3. gr.

18. gr. orðist svo:

Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:

- a) 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja, samkv. 17. gr. a.
- b) 1½% af heildarsölu stofnana þeirra, sem um getur í 17. gr. b.
- c) Stofnanir þær, sem um ræðir í 17. gr. c, greiða landsútsvör, sem ákveðin eru með sama hætti og tekjuútsvör félaga, sbr. 32. gr. 2. tölulið, án fráviks frá útsvarsstiga, samkv. 34. gr.
- d) 1⅓% af heildarsölu olíufélaga, sbr. 17. gr. d.

4. gr.

20. gr. 2. mgr. orðist svo:

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess, en ¼ hlutum skal ásamt hluta þeim af söluskatti og verðtolti, sem Jöfnunar-sjóði ber, samkvæmt lögum nr. 67/1964, skipta á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. des. árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum gjaldársins, sbr. þó 15. gr. d.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um álagningu landsútsvara árið 1966 samkv. þeim.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið og flutt í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að ákvæðum um ákvörðun landsútsvars sumra þeirra ríkisfyrirtækja, sem um ræðir í b-lið 17. og 18. gr. laganna, verði breytt Þessum ríkisfyrirtækjum má skipta í tvo flokka. Annars vegar Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins, sem enga hliðstæðu eiga í einkarekstri hér á landi. Hins vegar Síldarverksmiðjur ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. Öll þessi síðarnefndu fyrirtæki eiga hliðstæður í einkarekstrinum. Breyting sú, sem felst í frumvarpi þessu, er í því fölginn, að landsútsvör þessara fyrirtækja verði ákveðin með sama hætti og tekjuútsvör félaga, en landsútsvar þeirra er nú ákveðið sem 1½% af heildarsölu þeirra. Enn fremur er lagt til, að þessi ríkisfyrirtæki greiði aðstöðugjald til þeirra sveitarfélaga, þar sem þau eru starfrækt, en samkvæmt núgildandi lögum greiða þau ekki aðstöðugjald. Með þessum breytingum eru þessi ríkisfyrirtæki sett á bekk með einkafyrirtækjum sömu tegundar, að því er varðar gjaldagreiðslur í þágu sveitarfélaga. Má það teljast eðlilegt, þar eð starfsemi þessara ríkisfyrirtækja er algerlega hliðstæð starfsemi einkafyrirtækja í þessum greinum.

Það hefur komið í ljós mikið misræmi í gjaldagreiðslum þessara fyrirtækja í þágu sveitarfélaganna, einkum Síldarverksmiðja ríkisins, borið saman við gjaldagreiðslur síldarverksmiðja til sveitarfélaga, sem reknar eru af einstaklingum eða hlutafélögum þeirra. Hér fer á eftir tafla, sem sýnir gjaldagreiðslur nokkurra síldarverksmiðja á Austurlandi, sem reknar eru af einkafyrirtækjum, til sveitarfélaganna þar og enn fremur þau landsútsvör, sem þessar bræðslur hefðu greitt, ef á þær hefði verið lagt með sama hætti og nú er lagt á Síldarverksmiðjur ríkisins. Svo sýnir og taflan hluta sveitarfélaganna þar af þessum landsútsvörum.

	Samtals til sveitarfélaga	Landsútsv. af sölu hefði numið kr.	Hluti sveitarfélaga af landsútsvari hefði numið kr.
Verksmiðja I.	76 900.00	138 135.00	34 534.00
Verksmiðja II.	62 800.00	130 020.00	32 505.00
Verksmiðja III. ...	7 507 200.00	2 231 265.00	557 816.00
Verksmiðja IV. ...	2 898 900.00	1 718 910.00	429 727.00
Verksmiðja V.	1 147 400.00	740 325.00	185 081.00
Verksmiðja VI.	317 500.00	234 630.00	58 657.00
Samtals	12 010 700.00	5 193 285.00	1 298 320.00

Síldarverksmiðjur ríkisins reka síldarverksmiðjur á sex stöðum á landinu. Samtals nam landsútsvar Síldarverksmiðja ríkisins á árinu 1965 tæplega 6.9 milljónum króna, þar af komu í hlut sveitarfélaganna rúmlega 1.7 milljón króna.

Mest misræmi verður á stöðunum Neskaupstað og Seyðisfirði. Á báðum þessum stöðum eru reknar síldarbræðslur álika að stærð. Þó er síldarbræðsla ríkisins á Seyðisfirði stærri heldur en síldarbræðsla einkaaðila í Neskaupstað. Síldarbræðslan í Neskaupstað greiddi á árinu 1965 til bæjarsjóðsins þar rúmlega 7.5 milljónir króna. Til Seyðisfjarðarkaupstaðar greiddu hins vegar ríkisverksmiðjurnar aðeins rúmar 600 þús. kr. vegna síldarbræðslunnar þar. Af þessu sést glögglega hvílikt misræmi er hér um að ræða. Að vísu verður að hafa það í huga, að á árinu 1964 var rekstur síldarverksmiðja óvenjulega hagstæður í landinu, en mun hafa verið mun óhagstæðari á árinu 1965. Með hliðsjón af því, að með frumvarpi þessu er lagt til, að Síldarverksmiðjur ríkisins og önnur þau fyrirtæki, sem hér er um að

ræða, greiði aðstöðugjald af rekstri sínum eins og einkafyrirtæki, leiðréttist að nokkru þessi mismunur, þó að fullur jöfnuður fái ekki, þar eð landsútsvarið skiptist þannig, að sveitarfélagið fær aðeins $\frac{1}{4}$ landsútsvarsins en $\frac{3}{4}$ hlutar koma til jöfnunar milli allra sveitarfélaga landsins eftir sömu reglum og hluti Jöfnunarsjóðs í söluskatti og aðflutningsgjöldum.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar:

Um 1. gr.

Samkvæmt því, sem áður segir, er hér lagt til, að ríkisfyrirtæki þau, sem hér um ræðir, greiði eftirleiðis aðstöðugjald eins og einkafyrirtæki.

Um 2. gr.

Breyting sú, sem hér er um að ræða er í því fölginn, að fyrirtækjum þeim, sem áður voru í b-lið, er skipt í tvo liði. Í fyrsta lagi b-lið, sem tekur aðeins til Áburðarverksmiðjunnar og Sementsverksmiðju ríkisins. Í öðru lagi kemur nýr stafliður, sem verður c-liður og tekur til Síldarverksmiðju ríkisins, Viðtækjaverzlunar ríkisins, Landssmiðjunnar og Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg. Stafliður c, sem nú er, verður d-liður. Að öðru leyti er ekki um breytingar að ræða á 17. gr.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir óbreyttu gjaldi á Áburðarverksmiðju og Sementsverksmiðju. Hins vegar er í c-liðnum gert ráð fyrir þeirri breytingu, sem áður er rætt um og snertir ákvörðun landsútsvara þeirra ríkisfyrirtækja, sem nefnd eru í 2. gr. frumvarspsins c-lið. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að útsvör eru breytileg á ýmsum stöðum eftir því hvort á þau er lagt (allt að 20%), eða gefinn afsláttur af þeim. Hér er lagt til að hvorki verði lagt á þessi útsvör né heldur afsláttur gefinn af þeim. Landsútsvarið verður því eins og gjaldstigi lagaanna gerir ráð fyrir um álagningu útsvara.

Um 4. gr.

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur aðeins orðalagsbreytingar til samræmis við breytingar, sem orðið hafa á lögnum um tekjustofna sveitarfélaga í sambandi við hlutdeild Jöfnunarsjóðsins í tekjum ríkissjóðs, söluskatti og aðflutningsgjöldum, sbr. lög nr. 67/1964.

Um 5. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa, en þar er gert ráð fyrir, að lög þessi gildi um álagningu landsútsvara á árinu 1966.